

Mál nr. 336/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

- 124. Málskot móttakið 22. september 2023.
- 125. Bréf V dags. 12. október 2023 ásamt fylgiskjali.
- 126. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. október 2023.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningu M til V varð, hinn 15. júlí 2023, tjón á bifreiðinni A, sem er í eigu M, við akstur eftir Þjóðvegi 1 sunnan Blönduóss. Í málskoti segir M tjónið að rekja til grjótkasts frá annarri bifreið og krefst bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess. Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M þá til þess að samkvæmt tjónamati á A liggi fyrir að steinn hafi lent á glerinu og leitt til sprungu á því.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi ekki frekari upplýsingar um tjónið og aðdraganda þess en fram komi í fyrrgreindri tjónstilkynningu sem hafi borist V hinn 9. september 2023. Þá vísar V til þess að í skilmálum kaskótryggingarinnar sé að finna upptalningu þeirra tjónsorsaka sem vátryggingin ná til. Ljóst sé að atvik það sem M lýsi falli ekki þar undir. Þá segi jafnframt sérstaklega í umræddum skilmálum að tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúki á ökutæki bætist ekki.

Álit.

Nefndin hefur ekki undir höndum frekari lýsingar eða gögn varðandi umrætt atvik en óumdeilt virðist að steinn hafi valdið tjóni á A og M segir hann hafa kastast frá ótilgreindri bifreið. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort tjón á A skuli bætt úr kaskótryggingu hennar, en það er ekki svo að slíkar vátryggingar bæti allt tjón á bifreiðum af hvers kyns völdum heldur taka þær til tjóns sem verður af nánar skilgreindum orsökum. Í skilmálum umræddrar vátryggingar er gildissvið hennar afmarkað en þar kemur m.a. fram, í gr. 4.1, að hún bæti skemmdir á hinu vátryggða ökutæki sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti af völdum nánar tilgreindra atvika, sem eru talin upp í tólf stafliðum. Er „grjóthrun“ talið upp þar á meðal. Ekki verður fallist á að grjótkast frá annarri bifreið, eins og M lýsir í tjónstilkynningu geti fallið undir það að vera „grjóthrun“ enda almennur málskilningur á því hugtaki töluvert annar. Þá verður ekki séð að tjónsatvik það sem M lýsir geti mögulega fallið undir aðra stafliði ákvæðisins. Í 6.1 gr. umræddra skilmála er þá tekið fram að tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúki á ökutæki bætist ekki. Verður því ekki séð með hvaða hætti tjón M, eins og tildrögum þess er lýst, falli undir gildissvið vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2023.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir